

Leiðbeiningar fyrir heilbrigðisþjónustu á neyðarstigi vegna COVID-19

Almennar aðgerðir til að draga úr smiti

- Samkvæmt auglýsingum heilbrigðisráðherra frá 21. apríl 2020 (nr. 360 og 361) er heimilt að sinna heilbrigðisþjónustu án takmarkana.
- Einstaklingar sem eiga pantaðan tíma fyrir heilbrigðisþjónustu en eru með einkenni öndunarfærasýkinga þegar þeir eiga tíma, skulu hringja og bóka nýjan tíma, nema upp komi bráð veikindi sem ekki þola bið.
- Senda sms skilaboð á sjúklinga sem eiga bókaða tíma og biðja þá sem eru með einkenni öndunarfærasýkinga að bóka nýjan tíma þegar veikindin eru yfirstaðin nema þau séu bráð og þola ekki bið.
- Hafa vel sýnilegt veggspjald við inngang þar sem þeir sem eru með einkenni öndunarfærasýkinga eru beðnir um að koma ekki inn en láta vita af sér með símtali.
- Aðskilja biðstofur fyrir einstaklinga með [aukna áhættu á alvarlegri sýkingu](#) ef mögulegt er.
- Hendur eru hreinsaðar með vatni og sápu ef þær eru sýnilega óhreinar, annars eru þær hreinsaðar með handspritti.
- Sótthreinsa reglulega yfirborð sem margir koma við, t.d. hurðarhúna, stigahandrið, lyftu-hnappa o.s.frv.
- Biðja sjúklinga um að þvo sér um hendur eða nota handspritt strax við komu.
- Tryggja gott aðgengi að handhreinun og merkja vel salerni og aðra hreinlætisaðstöðu.
- Lágmarka biðtíma sjúklinga á biðstofu.
- Gera tilheyrandi ráðstafanir á biðstofu til að tryggja fjarlægð á milli einstaklinga.
- Fjarlægja tímarit af biðstofu.
- Hvetja til þess að fólk noti snertilausar greiðsluaðferðir, t.d. með snjallsímum.
- Gefa tilmæli um að lágmarka fjölda sem fylgja einstaklingi sem leitar þjónustu og sjá til þess að þeir bíði ekki á biðstofu heldur utan við heilbrigðisþjónustuna.
- Þjóða upp á símaráðgjöf eða netspjall frekar en komu ef kostur er.

Athugið að þegar tímar fyrir reglulegt eftirlit eru afpantaðir getur komið upp sú staða að einstaklinga vanti lyfseðla sem eru venjulega endurnýjaðir í slíkum heimsóknum. Hugleiða hvort hægt sé að endurnýja einnota eða fjölnota lyfseðil án eftirlits.

Aukin áhætta fyrir alvarleg einkenni af völdum COVID-19

Eftir 65–70 ára aldur aukast líkur á alvarlegum sjúkdómi með hækkandi aldri. Einstaklingar með ákveðin undirliggjandi vandamál eru einnig í aukinni hættu á alvarlegri sýkingu ef þeir smitast af COVID-19 sjúkdómi. Ekki er vitað hversu mikil hættan eykst við þessi vandamál, en eftirfarandi þættir virðast algengastir:

- Hár blóðþrýstingur/hjartasjúkdómar (hjartabilun, kransæðasjúkdómar)
- Sykursýki af tegund 2
- Langvinn lungnateppa
- Verulega skert nýrnastarfsemi
- Krabbamein (í meðferð og/eða nýlokið meðferð)
- Offita
- Langvinnir vöðva- og taugasjúkdómar með skerta lungnastarfsemi

Óvíst er hvort hættan á alvarlegum COVID-19 sjúkdómi er aukin hjá einstaklingum með ónæmisbrest, áunninn eða meðfæddan. Þessir hópar eru misleitir og þurfa ráðleggingar um hugsanlega áhættu frá sínum meðhöndlandi lækni. Börn með ákveðna langvinna lungnasjúkdóma, alvarlega hjartasjúkdóma, langvinna taugasjúkdóma eða eru líffæraþegar eru mögulega í aukinni áhættu.

Möguleg úrræði fyrir sjúklinga með aukna hættu á alvarlegri COVID-19 sýkingu:

- Er mögulegt að fresta heimsókn?
- Ef ekki er hægt að fresta heimsókn:
 - Sjúklingar í aukinni áhættu nota skurðstofugrímu til að verjast sýkingu.
 - Aðgreina sjúklinga í áhættuhópum frá öðrum sjúklingum á biðstofu ef kostur er.
 - Sinna viðkomandi utan álagstíma ef kostur er.

Sýkingavarnir við mismunandi áhættu

Grundvallarvarúð gegn sýkingum

Ekki er þörf á hlífðarbúnaði í umgengni við sjúklinga sem eru ekki með einkenni öndunarfærasýkingar. Það á einnig við skoðun og umönnun innan eins metra frá andliti sjúklings hjá sjúklingum sem eru án öndunarfæraeinkenna, þ.m.t við augnskoðun, HNE-skoðun, munnhreinsun og annað í daglegri umönnun sjúklinga.

- Heilbrigðisstarfsfólk skal ávallt viðhafa [grundvallarvarúð gegn sýkingum](#) í störfum sínum við alla sjúklinga.
- Fresta skal allri ónauðsynlegri heilbrigðisþjónustu hjá sjúklingum með líklega eða staðfesta COVID-19 og þeim sem eru í sóttkví vegna COVID-19 þar til viðkomandi telst ekki smitandi eða er laus úr sóttkví eða einangrun.
- Einstaklingar sem eiga pantaðan tíma fyrir heilbrigðisþjónustu en eru með einkenni öndunarfærasýkinga þegar þeir eiga tíma, skulu hringja og bóka nýjan tíma, nema upp komið bráð veikindi sem ekki þola bið.
- Við mögulega dropamyndun skal nota að lágmarki skurðstofugrímu og hlífðargleraugu/andlitshlíf.

Bráðabjónusta fyrir sjúklinga með einkenni öndunarfærasýkinga og þá sem dvelja í sóttkví vegna COVID-19

Fresta skal allri heilbrigðisþjónustu sem þolir bið hjá sjúklingum sem eru með einkenni öndunarfærasýkingar eða eru í sóttkví vegna COVID-19. En við bráða heilbrigðisþjónustu sem ekki þolir bið skal:

- Setja skurðstofugrímu á sjúkling við komu hans í heilbrigðisþjónustuna.
- Takmarka skal fjölda starfsmanna sem annast sjúklinga.
- Veita sjúklingi þjónustu í lok dags ef kostur er.
- Sjúklingurinn skal ekki bíða með öðrum sjúklingum á biðstofu, á einkum við þá sem eru með öndunarfæraeinkenni og/eða í sóttkví.
- Tryggja skal góða handhreinsun hjá bæði starfsfólki og sjúklingi.

Hlífðarbúnaður starfsmanna

- Hlífðarsloppur og hanskar
- Hlífðargleraugu/andlitshlíf
- Veiruheld FFP2 gríma (fínagnagríma) við inngrip í öndunarveg
- Sótthreinsa skal áhöld og umhverfi á milli sjúklinga

Við önnur bráð veikindi hjá sjúklingum með staðfesta/líklega COVID-19 sýkingu (eru í einangrun)

Fresta skal allri heilbrigðisþjónustu sem þolir bið hjá sjúklingum sem eru með staðfest eða líklegt COVID-19. Ef ekki er hjá því komist að veita þeim heilbrigðisþjónustu skal setja fínagnagrímu (FFP2 án ventils) á sjúkling ef ástand leyfir, annars skurðstofugrímu sem hann er með þar til hann er kominn í úðasmitseinangrun. Ef úðasmitseinangrun er ekki möguleg á sjúklingurinn að vera á einbýli með eigin hreinlætisaðstöðu.

Heilbrigðisþjónusta við grun um eða staðfest COVID-19

- Setja fínagnagrímu án ventils á sjúkling við komu ef ástand leyfir, annars skurðstofugrímu
- Takmarka fjölda heilbrigðisstarfsmanna sem annast sjúklinginn
- Veita þjónustu í lok dags ef kostur er
- Fara með hann án tafar inn á eigið herbergi, helst með salernisaðstöðu
- Tryggja handhreinsun/sprittun sjúklings þann tíma sem hann er á staðnum
- Koma í veg fyrir að hann sé í námunda við aðra sjúklinga á biðstofu

Hlífðarbúnaður starfsmanna

Við alla umönnun sjúklingsins skal nota eftirfarandi hlífðarbúnað:

- Veiruheld gríma með eða án ventils, FFP2 að lágmarki
- Veiruheld gríma FFP3 við inngrip í öndunarveg
- Hlífðargleraugu (lokuð allan hringinn) eða andlitshlíf
- Skurðstofuhúfa
- Einnota hlífðarsloppur
- Einnota hanskar

Sóttvarnalæknir
Smitsjúkdóma- og sýkingavarnadeild LSH